

Fæðingarorlof framlengist um einn mánuð sé um að ræða fleirburafæðingu eða alvarlegan sjúkleika barns, sem krefst nánari umönnunar móður. Slík þörf skal rökstudd með læknisvottorði og staðfest af tryggingarráði.

Ættleiðandi móðir, uppeldis- og fósturmóðir á rétt á tveggja mánaða fæðingarorlofi vegna töku barns til fimm ára aldurs.

Fæðingarorlof fellur niður frá þeim degi að telja er móðir lætur barn frá sér vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs, eða til varanlegrar dvalar á stofnunum. Þegar um er að ræða tilvik samkvæmt þessari málsgrein, svo og, ef móðir fæðir andvana barn, skal fæðingarorlof aldrei vera minna en einn mánuður eftir fæðingu. Sama gildir, ef um er að ræða fósturlát, sem jafna má til fæðingar. Kona, sem fer í barnsburðarleyfi, skal hafa tilkynnt við upphaf leyfis, ef hún hyggst láta af starfi við lok leyfisins. Ef breyttar heilsufarsástæður eða aðrar breyttar fjölskylduadstæður, sem ekki verða séðar fyrir, verða á leyfistímanum, skal þó tekið tillit til slíkra aðstæðna.

Um framkvæmd á barnsburðarleyfi kennara fer samkvæmt sérákvæðum í samningum fjármálaráðherra og einstakra kennarafélaga.

8. gr.

Heimilt er öðru foreldra að ráðstafa allt að einni viku árlega af áunnum rétti sínum til fjarvista vegna veikinda til að vera frá vinnu vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Í þessum veikindaforföllum greiðast starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag samkvæmt reglubundinni varðskrá.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 87/1954 um orlof og veikindaforföll starfsmanna ríkisins með síðari breytingum, sbr. reglugerðir nr. 129/1965, 122/1967, 377/1974 og 295/1981.

Fjármálaráðuneytið, 10. febrúar 1983.

Ragnar Arnalds.

Porsteinn Geirsson.

GJALD

fyrir hundahald í Hveragerði fyrir árið 1983.

1. gr.

Upphæð gjalds fyrir hundahald í Hveragerði fyrir árið 1983 skal vera kr. 1 750 fyrir hvern hund sem leyfi er veitt fyrir skv. samþykkt um hundahald í Hveragerði nr. 510/1975 með breytingu nr. 597/1982.

2. gr.

Ofangreind gjaldákvörðun Hveragerðishrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. febrúar 1983.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.